

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aðgerðir gegn hryðjuverkastarfsemi, nr. 448/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 14.1 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/1173 frá 28. maí 2026 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2024/385 um að koma á þvingunaraðgerðum gegn þeim sem styðja ofbeldisverk Hamas-samtakanna og samtakanna Palestínskíslamskt Jihad (PIJ), greiða fyrir þeim eða gera þau möguleg, sbr. fylgiskjal 14.1.
- 15.1 Reglugerð ráðsins (ESB) 2026/1175 frá 28. maí 2026 um breytingu á reglugerð (ESB) 2024/386 um að koma á þvingunaraðgerðum gegn þeim sem styðja ofbeldisverk Hamas-samtakanna og samtakanna Palestínskíslamskt Jihad (PIJ), greiða fyrir þeim eða gera þau möguleg, sbr. fylgiskjal 15.1.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunar-aðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 19. ágúst 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskal 14.1.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2026/1173**

frá 28. maí 2026

um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2024/385 um að koma á þvingunaraðgerðum gegn þeim sem styðja ofbeldisverk Hamas-samtakanna og samtakanna Palestínskts íslamskt Jihad (PIJ), greiða fyrir þeim eða gera þau möguleg

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 19. janúar 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/385 (¹).
- 2) Í niðurstöðu sinni frá 26. júní 2025 kallaði leiðtoga ráðið eftir frekari vinnu við þvingunaraðgerðir gegn Hamas-samtökunum.
- 3) Hamas-samtökin halda áfram að ógna friði og öryggi á alþjóðavettvangi. Ofbeldisverk þeirra eru alvarleg brot á alþjóðlegum mannréttindalögum. Pólitísk stjórnarnefnd Hamas-samtakanna („Politburo“) er sú stofnun sem helst tekur ákvarðanir í samtökunum og ræður félagslegum, pólitískum og hernaðarlegum stefnum þeirra. Einkum er hernaðararmur Hamas-samtakanna (Hamas-Izz al-Din al-Qassem) háður almennum stefnum sem Politburo hefur ákvarðað og hefur stöðugt heitið Politburo hollustu. Enn fremur hafa meðlimir Politburo vitneskju um skipulagningu, undirbúning og framkvæmd ofbeldisverka af hálfu Hamas. Þeir stuðla einnig að, verja og réttlæta slík ofbeldisverk og hóta oft opinberlega eða vara við svipaðri hegðun í framtíðinni. Því telur ráðið að meðlimir Politburo gegni mikilvægu hlutverki í ákvarðanatökuferli innan Hamas-samtakanna og hafi veruleg áhrif á aðgerðir þeirra, þ.m.t. ofbeldisverk samtakanna. Þess vegna bera þeir heildarábyrgð á þessum aðgerðum.
- 4) Til að sporna við ofbeldisverkum af hálfu Hamas-samtakanna telur ráðið rétt að kveða á um þvingunaraðgerðir í formi ferðatakmarkana á meðlimi Politburo og frystingar allra fjármuna og efnahagslegs auðs sem tilheyra eða eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn þeirra. Meðlimir Politburo ættu þó ekki að falla undir slíkar þvingunaraðgerðir ef nægar upplýsingar liggja fyrir til að sýna fram á að þeir hafi ekki áhrif á ofbeldisverk sem Hamas-samtökin framkvæma.
- 5) Rétt þykir að breyta titli ákvörðunar (SSUÖ) 2024/385.
- 6) Einnig þykir rétt að bæta tíu aðilum á skrána yfir einstaklinga, lögaðila, hópa, rekstrareiningar og stofnanir, sem sett er fram í viðaukanum við ákvörðun (SSUÖ) 2024/385.
- 7) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2024/385 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun (SSUÖ) 2024/385 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:
„Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/385 frá 19. janúar 2024 um að koma á þvingunaraðgerðum gegn Hamas-samtökunum og samtökunum Palestínskts íslamskt Jihad (PIJ) og þeim sem styðja ofbeldisverk þeirra, greiða fyrir þeim eða gera þau möguleg“.
- 2) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við í 1. gr.:
„1a. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari einstaklingar sem eru meðlimir í pólitískri stjórnarnefnd Hamas-samtakanna („Politburo“), sem eru á skrá í viðaukanum.
1b. Ekki skal færa meðlimi Politburo á skrána yfir einstaklinga og rekstrareiningar í viðaukanum eða viðhalda skráningu þeirra ef nægar upplýsingar liggja fyrir til að sýna fram á að þeir hafi ekki áhrif á ofbeldisverk sem Hamas-samtökin fremja.“
- 3) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Frysta skal alla fjármuni, aðrar fjáreignir og efnahagslegan auð sem tilheyrir eða er í eigu, vörslu eða undir stjórn, með beinum eða óbeinum hætti, einstaklinga, lögaðila, hópa, rekstraraðila og stofnana.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„1a. Frysta skal alla fjármuni, aðrar fjáreignir og efnahagslegan auð sem tilheyrir eða er í eigu, vörslu eða undir stjórn, með beinum eða óbeinum hætti, einstaklinga sem eru meðlimir í Politburo sem eru á skrá í viðaukanum.

1b. Ekki skal færa meðlimi Politburo á skrána yfir einstaklinga og rekstrareiningar í viðaukanum eða viðhalda skráningu þeirra ef nægar upplýsingar liggja fyrir til að sýna fram á að þeir hafi ekki áhrif á ofbeldisverk sem Hamas-samtökin fremja.“

2. gr.

Viðaukanum við ákvörðun (SSUÖ) 2024/385 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 28. maí 2026.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

M. DAMIANOS

(¹) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/385 frá 19. janúar 2024 um að koma á þvingunaraðgerðum gegn þeim sem styðja ofbeldisverk Hamas-samtakanna og samtakanna Palestínskt íslamskt Jihad (PIJ), greiða fyrir þeim eða gera þau möguleg (<https://data.europa.eu/eli/dec/2024/385/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <https://data.europa.eu/eli/dec/2026/1173/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskal 15.1.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2026/1175**

frá 28. maí 2026

um breytingu á reglugerð (ESB) 2024/386 um að koma á þvingunaraðgerðum gegn þeim sem styðja ofbeldisverk Hamas-samtakanna og samtakanna Palestínskt íslamskt Jihad (PIJ), greiða fyrir þeim eða gera þau möguleg

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/1173 frá 28. maí 2026 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2025/385 um að koma á þvingunaraðgerðum gegn þeim sem styðja ofbeldisverk Hamas-samtakanna og samtakanna Palestínskt íslamskt Jihad (PIJ), greiða fyrir þeim eða gera þau möguleg ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) 2024/386 ⁽²⁾ er ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/385 ⁽³⁾ komið til framkvæmda, og kveðið á um tiltekna ráðstafanir gegn þeim sem styðja ofbeldisverk Hamas-samtakanna og samtakanna Palestínskt íslamskt Jihad (PIJ), greiða fyrir þeim eða gera þau möguleg, þ.m.t. frýstingu eigna þeirra.
- 2) Í niðurstöðu sinni frá 26. júní 2025 kallaði leiðtogaráðið eftir frekari vinnu við þvingunaraðgerðir gegn Hamas-samtökunum.
- 3) Hamas-samtökin halda áfram að ógna friði og öryggi á alþjóðavettvangi. Ofbeldisverk þeirra eru alvarleg brot á alþjóðlegum mannréttum og mannréttindalögum. Pólitísk stjórnarnefnd Hamas-samtakanna („Politburo“) er sú stofnun sem helst tekur ákvarðanir í samtökunum og ræður félagslegum, pólitískum og hernaðarlegum stefnum þeirra. Einkum er hernaðararmur Hamas-samtakanna (Hamas-Izz al-Din al-Qassem) háður almennum stefnum sem Politburo hefur ákvarðað og hefur stöðugt heitið Politburo hollustu. Enn fremur hafa meðlimir Politburo vitneskju um skipulagningu, undirbúning og framkvæmd ofbeldisverka af hálfu Hamas. Þeir stuðla einnig að, verja og réttlæta slík ofbeldisverk og hóta oft opinberlega eða vara við svipaðri hegðun í framtíðinni. Því telur ráðið að meðlimir Politburo gegni mikilvægu hlutverki í ákvarðanatökuferli innan Hamas-samtakanna og hafi veruleg áhrif á aðgerðir þeirra, þ.m.t. ofbeldisverk samtakanna. Þess vegna bera þeir heildarábyrgð á þessum aðgerðum.
- 4) Til að sporna við ofbeldisverkum af hálfu Hamas-samtakanna samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2026/1173 hinn 28. maí 2026, þar sem kveðið er á um þvingunaraðgerðir í formi ferðatakmarkana á meðlimi Politburo og frýstingar allra fjármuna og efnahagslegs auðs sem tilheyra eða eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn þeirra. Meðlimir Politburo ættu þó ekki að falla undir slíkar þvingunaraðgerðir ef nægar upplýsingar liggja fyrir til að sýna fram á að þeir hafi ekki áhrif á ofbeldisverk sem Hamas-samtökin framkvæma.
- 5) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1173 er titli ákvörðunar (SSUÖ) 2024/385 einnig breytt.
- 6) Aðgerðirnar sem er að finna í þessari reglugerð falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til þess að hrinda þeim í framvæmd, einkum til að tryggja að beiting þeirra sé með samræmdum hætti í öllumaðildarríkjunum.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2024/386 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (ESB) 2024/386 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:
„Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/386 frá 19. janúar 2024 um að koma á þvingunaraðgerðum gegn Hamas-samtökunum og samtökunum Palestínskt íslamskt Jihad (PIJ) og þeim sem styðja ofbeldisverk þeirra, greiða fyrir þeim eða gera þau möguleg“.
- 2) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 2. gr.:
„4. Í I. viðauka skal einnig tilgreina einstaklinga sem eru meðlimir í pólitískri stjórnarnefnd Hamas-samtakanna („Politburo“).

5. Ekki skal færa meðlimi Politburo á skrána yfir einstaklinga og rekstrareiningar í I. viðauka eða viðhalda skráningu þeirra ef nægar upplýsingar liggja fyrir til að sýna fram á að þeir hafi ekki áhrif á ofbeldisverk sem Hamas-samtökin fremja.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. maí 2026.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

M. DAMIANOS

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2026/1173, 28.5.2026, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2026/1173/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/386 frá 19. janúar 2024 um að koma á þvingunaraðgerðum gegn þeim sem styðja ofbeldisverk Hamas-samtakanna og samtakanna Palestínskt íslamskt Jihad (PIJ), greiða fyrir þeim eða gera þau möguleg (<https://data.europa.eu/eli/reg/2024/386/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/385 frá 19. janúar 2024 um að koma á þvingunaraðgerðum gegn þeim sem styðja ofbeldisverk Hamas-samtakanna og samtakanna Palestínskt íslamskt Jihad (PIJ), greiða fyrir þeim eða gera þau möguleg (<https://data.europa.eu/eli/dec/2024/385/oj>).